

HS Veitur hf - Árshlutareikningur 30. júní 2024



Árshlutareikningur HS Veitna hf. fyrir fyrri hluta ársins 2024 var samþykktur á fundi stjórnar í dag 12.sept 2024.

Helstu atriði

Heildarhagnaður á fyrri hluta ársins 2024 var 497 m.kr. á móti hagnaði á sama tímabili árið 2023 upp á 316 m.kr.

EBITDA hækkar um 0,2 %, var á fyrri helmingi ársins 2024 1.881 m.kr. (35,5%) á móti 1.877 m.kr. (37,8%) á sama tímabili árið 2023.

Fjárhagsstaða er sterk og horfur góðar. Eiginfjárlutfall þann 30. júní 2024 er 45,7% en var 43,8% á sama tíma 2023.

Veltufjárlutfall var 1,41 þann 30. júní 2024 samanborið við 1,48 í lok sama tímabils 2023.

Hluthafar félagsins eru þrír:

Reykjanesbær	50,10%
HSV Eignarhaldsfélag slhf	49,80%
Suðurnesjabær	0,10%

Almenn umfjöllun

Heildarhagnaður á fyrri hluta ársins 2024 nam 497 m.kr. á móti hagnaði fyrir sama tímabil árið 2023 upp á 316 m.kr. Þetta er aukning hagnaðar upp á 177 m.kr. sem skýrist aðallega með aukningu á sölu á heitu vatni, dreifingu rafmagns og lægri fjármagnsgjöldum

Tekjur hækkuðu um 6,67% á milli ára. Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur HS Veitna hf á fyrri hluta ársins 2024, 5.303 m.kr. þar af vegna raforkudreifingar og flutnings 2.819 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 1.723 m.kr., vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 484 m.kr. og vegna annarrar starfsemi 276 m.kr. Sambærilegar tölur fyrir sama tímabil á árinu 2023 eru eftirfarandi: Rekstrartekjur 4.972 m.kr. þar af vegna raforkudreifingar og flutnings 2.661 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 1.572 m.kr., vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 437 m.kr. og vegna annarrar starfsemi 301 m.kr.

Kostnaðarverð sölu hækkaði um 8,57% á milli ára og nam 3.485 m.kr. fyrir fyrri hluta ársins 2024 (65,71% m.v. tekjur) á móti 3.210 m.kr. á sama tímabili 2023 (64,6% m.v. tekjur).

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld eru neikvæð um 698 m.kr. fyrir hluta ársins 2024 en voru neikvæð upp á 965 m.kr. á sama tímabili 2023, eða alls lækkun á milli ára um 267 m.kr. Fjármunatekjur hækka úr 78 m.kr. árið 2023 í 90 m.kr. á fyrri helmingi ársins 2024, vaxtagjöld lækka úr 282 m.kr. í 273 m.kr. og verðbætur lækka úr 761 m.kr. í 515 m.kr.

Gjaldfærður tekjuskattur nam 104 m.kr. fyrir fyrri hluta 2023 á móti 37 m.kr. fyrir sama tímabil 2023 en skattprósenta tekjuskatts 2024 er 21% en var 20% á sama tímabili 2023.

EBITDA á fyrri helmingi ársins 2024 er 1.881 m.kr. (35,48%) á móti EBITDA 1.877 m.kr. (37,8%) fyrir sama tímabil árið 2023.

Samkvæmt efnahagsreikningi eru eignir HS Veitna hf þann 30. júní 2024 bókfærðar á 35.479 m.kr. og hækkuðu um 535 m.kr. frá ársbyrjun og um 1.191 m.kr. frá sama tíma árið 2023. Fjárfestingar í fastafjármunum á fyrri hluta 2023 námu alls um 836 m.kr. þar af vegna raforkudreifingar 669 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 75 m.kr., vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 57 m.kr. og vegna annarra fjárfestinga 35 m.kr. Sambærilegar tölur frá fyrra ári eru eftirfarandi: Fjárfestingar í fastafjármunum 781 m.kr. þar af vegna raforkudreifingar 517 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 147 m.kr., vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 53 m.kr. og vegna annarra fjárfestinga 63 m.kr. Fjárfestingar í óefnislegum eignum voru engar líkt og árið áður og seldar eignir voru 17 m.kr. á móti 9 m.kr. árið áður þar af 10,5 m.kr. vegna tjóns á dreifikerfi í Grindavík

Eigið fé HS Veitna hf nam 16.222 m.kr. þann 30. júní 2024 (eiginfjárlutfall 45,7%) en eigið fé í ársbyrjun var 15.726 m.kr. (eiginfjárlutfall 45%) og 15.018 m.kr. (43,8%) á sama tíma 2023.

Félagið hefur innleitt reikningsskilastaðal IFRS 16 frá 1. janúar 2019. IFRS 16 kynnir heildstætt líkan sem felur í sér færslu leigusamninga í efnahagsreikning. Félagið, sem leigutaki, hefur fært til eignar nýtingarrétt sem endurspeglar rétt félagsins til notkunar eigna og á móti skuld vegna framtíðarleigugreiðslna.

Fjárhagsstaða félagsins þann 30.júní 2024 er sterk og horfur um rekstur þess góður. Áfram verður unnið að stækkun veitukerfa félagsins eftir því sem þörf krefur til að tryggja viðskiptavinum félagsins hámarks afhendingaröryggi.

Helstu fjárhæðir úr ársreikningnum eru sem hér segir í þús. kr.

	01.01 - 30.06. 2024		01.01 - 30.06. 2023		Breyting milli ára
		%		%	
Rekstrarreikningur					
Rekstrartekjur	5.303.041	100,0%	4.971.642	100,0%	6,7%
Kostnaðarverð sölu	(3.484.846)	(65,7%)	(3.209.684)	(64,6%)	8,6%
Vergur hagnaður	1.818.195	34,3%	1.761.958	35,4%	3,2%
Annar rekstrarkostnaður	(519.144)	(9,8%)	(443.207)	(8,9%)	17,1%
Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði	1.299.051	24,5%	1.318.751	26,5%	(1,5%)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(697.924)	(13,2%)	(965.203)	(19,4%)	(27,7%)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	601.127	11,3%	353.548	7,1%	70,0%
Tekjuskattur	(104.465)	(2,0%)	(37.413)	(0,8%)	179,2%
Hagnaður tímabilsins	496.662	9,4%	316.135	6,4%	57,1%
	30.6.2024		31.12.2023		
Efnahagsreikningur					
Fastafjármunir	32.023.154	90,3%	31.757.839	90,9%	0,8%
Veltufjármunir	3.455.837	9,7%	3.185.705	9,1%	8,5%
Eignir samtals	35.478.991	100,0%	34.943.544	100,0%	1,5%
Eigið fé	16.222.197	45,7%	15.725.534	45,0%	3,2%
Langtímaskuldir	16.812.259	47,4%	16.883.905	48,3%	(0,4%)
Skammtímaskuldir	2.444.535	6,9%	2.334.105	6,7%	4,7%
Skuldir og eigið fé samtals	35.478.991	100,0%	34.943.544	100,0%	1,5%
Kennitölur					
EBITDA	1.881.317	35,5%	1.877.407	37,8%	0,2%
Veltufjárlutfall	1,41		1,36		3,6%
Eiginfjárlutfall	45,7%		45,0%		1,6%

Nánari upplýsingar veitir Páll Erland, forstjóri HS Veitna hf., í síma 422 5200 / 779 6200.